



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

7. árg. 2. tölublað. Apríl – júní 2011.

EFNI:

Mikil aukning HIV-sýkingar meðal fíkniefnaneytenda

Bólusett gegn pneumókokka- og HPV-sýkingum

Sala og ávísanir sýklalyfja á Íslandi árið 2010

Ritstjórn

Haraldur Briem
sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Þórólfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

MIKIL AUKNING HIV-SÝKINGAR MEÐAL FÍKNIEFNANEYTENDA

Frá því að HIV-faraldurinn hófst hér á landi fyrir aldarfjórðungi hafa greinst samtals 269 sjúklingar með sjúkdóminn. Flestir sem greinst hafa eru samkynhneigðir karlmenn, eða 105, gagnkynhneigðir teljast 98, fíkniefnaneytendur eru 53 en þeir sem hafa aðra áhættuþætti eru 13.

Af þeim 53 fíkniefnaneytendum sem greinst hafa frá upphafi hafa 32 greinst á síðastliðnum 4 árum (sjá mynd). Einkennandi fyrir hópinn sem sýkst hefur síðustu árin er tiltölulega hár meðalaldur, eða 34 ára (sjá mynd, bls. 2), og ákveðin innbyrðis tengsl margra þeirra sem hafa smitast.

Hópsýkingin sem gengur yfir um þessar mundir meðal fíkniefnaneytenda kemur ekki með öllu á óvart. Hitt er sérstakt hversu fátíðar HIV-sýkingar hafa lengst af verið. Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn töldu ýmis teikn á lofti árið 2007 sem bentu til að sýking meðal fíkniefnaneytenda væri að aukast og mætti skýra hana með meiri hörku og virðingarleysi fyrir eigin heilsu og annarra ([Farsóttafréttir. 3. árg. 9. tölublað. September 2007.](#))


Annað sem einkennir þennan faraldur meðal fíkniefnaneytenda er að margir þeirra hafa misnotað rítalín með því að sprauta efninu í æð.

Forvarnir og meðferð HIV-sýkinga meðal fíkniefnaneytenda er erfiðleikum bundin.

Forvarnir tengjast fyrst og fremst meðferð fíknarinnar og auðveldu aðgengi að hreinum nálum og sprautum svo draga megi úr útbreiðslu sýkingarinnar. Lengst af hefur aðgengi að sprautum og nálum verið tiltölulega auðvelt fyrir lítinn kostnað. Þá hefur Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands starfrækt „heilsuvernd á hjólum“ þar sem hjúkrunarfræðingar afhenda hreinar sprautur og nálar og veita ráðgjöf þrjá virka daga vikunnar og á laugardögum.

Meðferð HIV-sýkingar er einnig miklum erfiðleikum bundin. Með því að meðhöndla HIV-sýkinguna má bæta líðan sjúklunga og draga svo úr veirumagni í blóði að smitlíkur minnka verulega. Vandinn er sá að sjúklingar þurfa að taka lyfin reglulega því ef það er ekki gert aukast líkur á að veiran nái sér aftur á strik og myndi ónæmi fyrir lyfjunum. Í mörgum tilfellum reynist afar erfið að fá fíkniefnaneytendur til sinna meðferð og heilsueftirliti með fullnægjandi hætti.


Um þessar mundir fara fram umræður um hvað helst sé til ráða. Flestum ber saman



(Framhald bls. 2)

um að aðgengi að hreinum sprautum og nálum þurfi að vera gott og neytendum að kostnaðarlausu. Einnig þarf að leita leiða til til að draga úr kostnaði á smokkum. Efla þarf móttöku á göngudeild smitsjúkdóma og fíknigeðdeild Landspítala með nánu samstarfi við göngudeild sjúkrahúss SÁÁ að Vog. Tengja þarf starfsemi göngudeildanna við starfsemi Reykjavíkurdeildar Rauða krossins og leita þarf leiða til að tryggja meðferðarhældni HIV-sýktra fíkniefnaneytenda.

Haraldur Briem



BÓLUSETT GEGN SÝKINGUM AF VÖLDUM PNEUMÓKOKKA OG HPV

Með bólusetningu gegn HPV má búast við að koma megi í veg fyrir um 40–50% forstigsbreytinga og 60–70% leghálskrabbameins.

Almenn bólusetning á Íslandi gegn sýkingum af völdum pneumókokka

Þann 11. apríl 2011 hófst almenn bólusetning ungbarna gegn pneumókokkasýkingum hér á landi og verða börn bólusett á aldrinum 3, 5 og 12 mánaða.

Að undangengnu útboði var ákveðið að ganga til samninga við GSK um kaup á bóluefninu *Synflorix*. Synflorix mun veita vörn gegn sýkingum af völdum tíu undirgerða pneumókokkabaktería auk bakteríunnar *haemophilus influenzae* sem er algeng orsök miðeyrnabólgu og skútubólgu.

Pneumókokkar geta valdið alvarlegum sýkingum hjá börnum og fullorðnum. Með almennri bólusetningu er þess vænst að alvarlegum pneumókokkasýkingum í börnum muni fækka um allt að 70%, miðeyrnabólgu um allt að 25%, lungnabólgu um allt að 30% og að draga megi úr sýklalyfjaávisunum til barna um allt að 25%.

Hér á landi greinast árlega um 11 börn yngri en fimm ára með lífshættulega sýkingu af völdum pneumókokka, um 9.000 börn með miðeyrnabólgu, um 400 börn með lungnabólgu og um 4.000 börn fá ávísad sýklalyfjum.



Í apríl 2011 varð bólusetning gegn pneumókokkum hluti af almennum barnabólusetningum hér á landi. Börn fædd á árinu 2011 og síðar eru bólusett 3, 5 og 12 mánaða gömul.

Almenn bólusetning á Íslandi gegn sýkingum af völdum HPV

Þann 1. september 2011 hefst almenn bólusetning á Íslandi gegn HPV (*Human Papilloma Virus*). Veturinn 2011 til 2012 verða 12 og 13 ára stúlkur (fæddar 1998 og 1999) bólusettar en í framhaldi af því verða 12 ára stúlkur bólusettar árlega.

Að undangengnu útboði var gengið til samninga við GSK um kaup á bóluefninu *Cervarix* sem veitir vörn gegn sýkingum af völdum veira sem valdið geta leghálskrabbameini. Bólusett verður í grunnskólum landsins en til að öðlast fulla vernd þarf hver stúlka þrjár sprautur (aðra sprautu 1 mánuði eftir þá fyrstu og þá þriðju 6 mánuðum eftir þá fyrstu).

Á Íslandi greinast árlega hundruð kvenna með forstigsbreytingar leghálskrabbameins og um 17 konur með leghálskrabbamein. Með bólusetningunni má búast við að koma megi í veg fyrir um 40–50% forstigsbreytinga og 60–70% leghálskrabbameins. Þar sem leghálskrabbamein myndast oftast 20–30 árum eftir sýkingu af völdum HPV munu líða 10–30 ár þar til árangur bólusetningarinnar kemur í ljós. Því er nauðsynlegt að konur haldi áfram að mæta í krabbameinsleit eins og opinberar leiðbeiningar segja til um.

Dórólfur Guðnason

Samanborið við hin Norðurlöndin hefur heildarsala sýklalyfja hér á landi löngum verið áþekkt heildarsölunni í Finnlandi en um 50% meiri en í Svíþjóð.

Frá árinu 1999 hefur sala sýklalyfja verið nokkuð stöðug á Íslandi, eða á bilinu 20–23 skilgreindir dagskammtar á dag á hverja 1000 íbúa.

SALA OG ÁVÍSANIR SÝKLALYFJA Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2010

Samkvæmt sóttvarnalögum er sóttvarnalækni skylt að halda sjúkdómaskrá er inniheldur upplýsingar um sýklalyfjanotkun á Íslandi, auk upplýsinga um útbreiðslu smitsjúkdóma, óvænta atburði sem ógna heilsu manna, og ónæmisáðgerðir.

Frá árinu 1999 hefur sala sýklalyfja verið nokkuð stöðug. Hún hefur mælst á bilinu 20–23 skilgreindir dagskammtar á dag á hverja 1000 íbúa. Lægst var salan á árunum 2000–2003 en hæst á árunum 2004–2008. Sé litið til ávísana sýklalyfja hefur dregið úr fjölda þeirra á hverja þúsund í aldurshópunum 0–4 ára og 5–9 ára á undandörnum fjórum árum.

Samanborið við hin Norðurlöndin hefur heildarsala sýklalyfja hér á landi löngum verið áþekkt heildarsölunni í Finnlandi. Á árinu 2009 var salan hér um 20% meiri en í Danmörku, um 12% meiri en í Noregi og um 50% meiri en í Svíþjóð. Þá má geta þess að sala sýklalyfja hefur farið vaxandi á öllum hinum Norðurlöndunum síðustu árin nema á Íslandi og í Svíþjóð.

Sýklalyfjaónæmi er vaxandi vandamál á Íslandi eins og annars staðar. Ein skýring á útbreiðslu ónæmisins er mikil notkun sýklalyfja. Skynsamleg notkun sýklalyfja er því mjög nauðsynlegur þáttur í baráttunni við útbreiðslu ónæmra sýkla.

Fræðsla og þekking er lykillinn að því að lyfin verði notuð rétt í þeirri baráttu og hefur margt verið gert á undanförunum árum í því skyni.

Velferðarráðherra hefur skipað nefnd um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi til að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðgjafar um aðgerðir til að hindra myndun ónæmis. Gefnar eru út ítarlegar skýrslur árlega um sölu og ávísanir á sýklalyf og fer nefndin yfir þær niðurstöður.

Á Íslandi er þannig hvatt til þess að sýklalyf séu notuð á ábyrgan hátt. Lögð er áhersla á sýkingavarnir á heilbrigðisstofnunum og fylgst er með tíðni sýkinga sem tengjast heilbrigðisþjónustunni. Einnig er fylgst með notkun sýklalyfja innan stofnana og utan í því skyni að greina þróunina og hvernig hún tengist myndun sýklalyfjaónæmis. Upplýsingar um notkun sýklalyfja og sýklalyfjaónæmi geta gagnast læknum sem ávísá þessum lyfjum.

Í samvinnu við lækna og læknasamtök hefur sóttvarnalæknir einnig unnið að aðgerðum sem miða að bættri notkun sýklalyfja. Árangur þessara aðgerða verður metinn með tilliti til þess hvort unnt verði að nýta aðgerðirnar almennt á landsvísi.

*Haraldur Briem
Þórólfur Guðnason*

